

Endurskoðun á upplýsingaveitu til ferðamanna

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD



HRAFNHILDUR ÝR VÍGLUNDSDÓTTIR, VERKEFNASTJÓRI
SVÆÐISBUNDINNAR ÞRÓUNAR HRAFNHILDUR@FERDAMALASTOFA.IS

GUÐNÝ HRAFNKELSDÓTTIR, SÉRFRÆÐINGUR

Útgangspunktur

Vönduð og samræmd upplýsingagjöf undir opinberu kennimerki er eitt öflugasta verkfæri stjórnvalda til að stuðla að öryggi ferðamanna, ábyrgari hegðun þeirra og betri dreifingu um landið og innan svæða.

Upplýsingaveita er verkfæri sem hægt er að beita strax til að bregðast við þeim vanda sem við blasir og skapa svigrúm á meðan að aðrir innviðir ferðaþjónustunnar eru styrktir til lengri tíma.

Eitt af forgangsverkefnum Vegvísis er að „...auka öryggi ferðamanna og forvarnir m.a. með samræmdri upplýsingagjöf og merkingum um allt land.

Markmið

Tryggja að bestu og nákvæmstu upplýsingar varðandi öryggi ferðamanna séu þeim aðgengilegar allt árið um kring um allt land.


Tryggja gæðastarf upplýsingaveitu á landsvísu.

Nýta betur tæknilausnir til að styðja við opinbera upplýsingaveitu, bæði innan og utan eiginlegra upplýsingamiðstöðva.

Nýta og styðja við það stoðkerfi gestastofa, safna, og annarra opinberra eininga sem fyrir er um allt land.

Nýta það fjármagn sem málaflokkurinn fær á sem hagkvæmastan en jafnframt árangursríkastan hátt.


Núverandi kerfi



Nýtt kerfi

UPPLÝSINGAVEITA

- Upplýsingamiðstöðvar
- Þjónustu- og samstarfsaðilar
- Stafrænar upplýsingar
- Skilti og merkingar



Upplýsingaveitur

Upplýsingamiðstöðvar

- Ýmist reknar af opinberum aðilum eða einkaaðilum í nánu samstarfi við greinina sjálfa og aðra hagsmunaaðila.

Þjónustu- og samstarfsaðilar

- Aðilar sem veita upplýsingar en hafa annað meginhlutverk, t.d. sundlaugar.

Stafrænar upplýsingaveitur

- Upplýsingar á netinu og ómannaðar upplýsingaveitur, t.d. snertiskjáir.

Skilti og aðrar merkingar

Upplýsingaveita á landamærum

Mikilvægur vettvangur til að koma öryggisupplýsingum til skila og kenna fólki að ferðast eftir merkjum opinberrar upplýsingaveitu.

Getur verið afar ólík í eðli sínu:

- Ferjuhafnir
- Flugvellir
- Móttökuhafnir skemmtiferðaskipa


Árið 2017 vann Ferðamálastofa greiningu á þeim þörfum sem upplýsingaveitur á landamærum þurfa að uppfylla ásamt tillögu að samræmingu verklags og ásýndar um all land.

Nýtt kerfi

Tillaga vinnuhópa 2016



Kjarnaveitur – sterkur grunnur



Samvinna og samtal grundvöllur breytinga

- ❖ Samantekt frá málþinginu verður send til ráðherra ferða-, iðnaðar- og nýsköpunarmála.
- ❖ Efni frá málþinginu verður birt á heimasíðu Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is um leið og hægt er.
- ❖ Fréttir af verkefninu birtast á heimasíðu Ferðamálastofu og í útsendu fréttabréfi – hægt að skrá sig á póstlista á heimasíðu.

Kærar þakkir fyrir ykkar framlag!